Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til og málefni bæjarstjórnar1859-1862

Aðfnr. 5208, 2. hluti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

/. Samkvæmt meðfylgjandi bréfi frá Stiptamtinu, dagsett. þ. m., leyfi eg mér, að beiðast álits fulltrúanefndarinnar um hvörnuleiðis meðfylgjandi
/. umkvörtun frá 2. þ. m. frá kaupmanni W. Fischer yfir bæjargjaldi hans þetta ár, óskast og skjölin send mér aptur með svari nefndarinnar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 9 Juni 1860.

V Finsen

Til

Bæjarfulltrúa Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2 ~~15~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtið hefir hinn 30. f. m. skrifað bæjarstjórninni ~~þannig~~ á þessa leið:

„Eptir að hafa meðtekið álit bæjarstjórnarinnar viðvíkjandi bæjarútsvari tómthússmanns Jóns Þórðarsonar í Hlíðarhúsum, læt eg ekki dragast, að gefa bæjarstjórninni til þóknanlegrar vitundar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að Amtið, með sérlegu tilliti til ómegðar hans, sem og þess, að hann geldur sérstaklega eptir lóð þá, er hann býr á og er eign bæjarins, ekki svo lítið árlegt gjald, samt loksins, að heimili hans í ár hefir verið heimsókt af miklum og þungum veikindum, hefir álitið gjald hans til bæjarins hæfilega metið til 6 rd. 87 ß, hvert gjald einnig eptir sanngjörnum samanburði við (aðra) gjöld margra annara sýnist vera nægilega hátt."

Þetta læt eg ekki hjá líða að tilkynna hérmeð hinum háttvirtu bæjarfulltrúum

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 9. júní 1860

V Finsen

Til

Bæjarfulltrúa Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt brjefi því frá Stiptamtinu, sem hjer með fylgir, dagsettu 14. þ. m., leyfi eg mjer, að beiðast álits fulltrúanefndarinnar um sömuleiðis meðfylgjandi beiðni frá 10. f. m. frá ýmsum ábúendum á Hlíðarhúsalóð, um að vegir eða götur yrðu lagðar yfir téða lóð frá kaupstaðnum, og á millum bæjanna á lóðinni.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 9. júní 1860

V Finsen

Til
Fulltrúa Reykjavíkur bæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og hinum hátt virtu bæjarfulltrúum er kunnugt, var kaupmaður Þorsteinn heitinn Jónsson meðlimur Hafnarnefndarinnar hér í bænum, og þarf því nú eptir fráfall hans að kjósa mann í hans stað í téða nefnd.

Samkvæmt erindisbréfi Hafnarnefndarinnar frá 15. Mai 1856, 1. gr. eiga þeir 2 meðlimir Hafnarnefndarinnar, sem í henni eiga að vera auk bæjarfógetans, að vera kosnir af bæjarfulltrúunum, annar úr flokki sjálfra þeirra, annar með frjálsri kosningu meðal þeirra borgara, sem eru álitnir hæfir til þess starfa, og þar eð kaupmaður Þ. Jónsson var sá af nefndar mönnum, sem kosinn hafði verið úr flokki fulltrúanna, leyfi eg mér að mælast til, að fulltrúanefndin kjósi einn af bæjarfulltrúunum í hafnarnefndina í hans stað, og tilkynni mér síðan, hver fyrir kosningunni verður.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 9 Juni 1860

V. Finsen

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn rétti Stiptamtmaður, Háyfirdómari Th. Jonassen hefir hinn 14. f. m. skrifað mér á þessa leið:

„Samkvæmt fyrirmælum Stiptamtmanns, Greifa Trampe, leyfi eg mér hér með þénustusamlega að senda Herra Cancelliráðinum viðlagða „Indbydelse" til að safna hér gjöfum til endurbyggingar Friðriksborgar slots, og vona eg, að þér styðjið það mál meðal bæjarbúa, því það er þess eðlis, að það er æskilegt, að vér, eins og aðrir þegnar konungs, leggjum einnig vorn skerf fram af góðum huga en litlum efnum."

Í þessu tilefni læt eg ekki hjá líða, að senda hérmeð hinum háttvirtu bæjarfulltrúum eitt exemplar af áskorun þeirri, sem í bréfi Stiptamtsins er um getið, til ráðstöfunar þeirrar, sem fulltrúanefndin finnur tilefni til, og get eg þess, að eitt exemplar af áskoruninni er lagt fram í bæjarþingstofunni, til þess, að þeir, sem vilja skrifa sig fyrir gjöfum, geti gjört það þar. Eg skal bæta því við, að ef fulltrúanefndin, eða nokkrir úr henni skyldi álíta það vel tilfallið, að nefnd manna tæki sig

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

raunum til að styðja að rannsóknunum, er eg fús á, að taka þátt í slíkri nefnd.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 9 júní 1860

V Finsen

Til
Fulltrúa Reykjavíkur bæjar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eg

1860

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar eð kálgarðspartur bæjarins í prentstofugarðinum, seinast hinn 16. maí næstl. ár einungis var boðinn upp til leigu fyrir 1 ár og eptir skilmálunum tilskyldum með því skilyrði, að leigulíði hefði engin umráð yfir honum eptir 31. marz 1860, er nú leigutími þegar á enda og virðist því nauðsyn til, að bjóða hann aptur upp til leigu, svo framarlega, sem hinir heiðruðu bæjarfulltrúarnir ekki líst að ráða til, að nota hann öðruvísi og væri því æskilegt að þeim sem fyrst mætti þóknast, að gefa álit sitt þar um og ef þeim líst, að bjóða hann upp til leigu, þá hvort heldur einungis fyrir 1 ár, eða lengri tíma, svo og ef þeim líst að nokkuð sérlegt þyrfti að taka fram í skilmálunum um fyrir leiguna fremur en hingað til.—

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 26. apríl 1860.

[illegible]

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavíkurkaupstað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 2 meðfylgjandi bréf, annað frá formanni slökkviliðsins, sem hljóðar um að þörf sè á ýmsum ráðstöfunum viðvíkjandi eldvarnarstjórninni, hitt frá verzlunar þjóni Sigurði Sigurðssyni í Hólakoti, sem biður um að mega fá útmælt kálgarðsstæði í brekkunni austanvert við bæ sinn, vil eg hèr með leita álits hinna heiðruðu fulltrúa bæjarins. —

Bréfin óskast endursend. —

Skrifstofu bæjarfogeta í Reykjavík 16 april 1860.

[illegible]
cst.

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um meðfylgjandi umkvörtun frá trésmiðunum Johannesi Jonssyni og Einari Jonssyni um bæjargjald það sem þeim er gjört í niðurjöfnun bæjargjaldanna fyrir yfirstandandi ár skal eg samkvæmt reglugjörð 27. nov. 1846, 21. gr. hérmeð leyta álits hinna heiðruðu bæjarfulltrúa

Bréfið óskast endursent.

Skrifstofu bæjarfogeta í Reykjavík, 17. April 1860

K. Thomsen
sts.

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stipt- og Suðuramtið hefir í bréfi, dagsettu 7. þ. m. skrifað
mér þannig:
"Eins og yður mun vera kunnugt af bréfi hinnar
íslenzku stjórnardeildar til yðar af 10. jan. þ. á. eru eptir-
laun fyrverandi politiþjóns í Reykjavík, H. Hendrikh-
sens fyrir þetta ár út borgað honum úr aðalríkissjóðn-
um í Kaupmannahöfn með 40 rd. Þér viljið því þókn-
anlega tilhalda bæjarstjórninni að inn borga téð
40 rd. úr bæjarsjóðnum í jarðabókarsjóðinn hið
allra fyrsta".

Islands S.

Þetta tilkynnist hinum heiðruðu bæjarfulltrú-
um undir eins og eg get þess að áskilegt væri að fé
þetta yrði sem fyrst ávísað af bæjarsjóðnum.

Skrifstofu Bæjarfógeta í Reykjavík 12. april 1860.

V. Finsen
cst.

Til
Fulltrúa Reykjavíkurbæjar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S. T. ~~Samkvæmt~~ umburðarbrjefi dagsettu 16. þ. m. hefir Stipts og Suðuramtið skrifað mjer þannig:

„Samkvæmt Placat. 18. Juli 1848 og 2. marz 1853 ber til endurgjalds alþingiskostnaðinum í ár að jafna niður 5,700 rd. hvar af 3/4 falla á eptirgjöld jarða með 4 ß á hvert ríkisdalsverði, er meta ber samkvæmt reglunum í umburðarbrjefi lögstjórans af 18. juli 1848.

Til útgjalda suðuramtsins jafnaðarsjóð fyrir yfirstandandi ár ber af sjóði bæjarins að greiða 40 rd. og vilduð þjer þóknanlega tilhalda gjaldkera bæjarins að gjöra amtinu grein fyrir þessu gjaldi á sínum tíma."

Þetta tilkynnist hjer með hinum heiðruðu Bæjarfulltrúum og get eg þess um leið, að eg með brjefi dagsettu 4. þ. m. hefi tilkynnt bæjargjaldkeranum seinna atriði stiptamtsbrjefsins, áhrærandi gjaldið til jafnaðarsjóðsins.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 12. april 1860.

V. Finsen

Til
Fulltrúa Reykjavíkurbæjar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

./. Um medfylgjandi 2 bónarbréf frá þeim Magnúsi Þorvaldssyni á Grímsstöðum og Guðbrandi Guðnasyni í Brennu um að fá útmælda lóðarviðbót við lóðir þær, sem þeir þegar hafa vil eg hér með biðja um álit hinna heiðruðu bæjarfulltrúa, þar eð hvortveggja útmælingin áðurst af bæjarlóðinni og ekki er ætlað til bygginga heldur yrkingar og væri æskilegt að þér í áliti yðar vilduð taka fram þau vegustu kjör fyrir beiðendurna, sem báðir, hvor upp á sinn máta, eru fremur atorku og viðleitnis menn, að útmælingin mætti ske uppá.

Bréfin óskast endursend.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 10. April 1860.

VMormsløw [?]

Til

hinna heiðruðu fulltrúa Reykjavíkurbæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í tilefni af bónarbréfi næturvarðar Guðmundar Gissur-
sonar frá 3. þ. m., hvar í hann biður sèr veitta 20 rd. launa-
viðbót, þar hann nú, sem kominn á efri aldur,
ekki geti jafn ötullega og áður leitað sèr aukavinnu, og
þessvegna ekki komist af fyrir sig og sína með
næturvarðarlaunum sín, hafa hinir heiðruðu bæjarfull-
trúar í bréfi frá 13. þ. m. skýrt mèr frá þessu og
stúngið uppá, og mælt fram með, að honum
yrði veittur að eins fyrir þetta yfirstandandi ár 18 rd.
aukaárstyrkur af fé því sem í VIII. gr. áætlunarinnar
fyrir árið 1860 er ætlað til óvissra gjalda og að svo
yrði lagt fyrir, að fèhirðir bæjarins greiddi honum þetta
að réttri tiltölu á hverjum mánuði.

Þar nú hinir heiðruðu bæjarfulltrúar í áminnstu
bréfi sínu hafa sýnt fram á að mikið mælir fyrir því
að veita beiðandanum árgjá, en uppástúnga þeirra
á hinn bóginn hnígur, að í þetta sinn einungis að veita
það fyrir það eina ár, sem nú er að líða, virðist mèr
nóg ástæða til að fallast með öllu á uppástúngu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarfulltrúanna, og þar eð árs-styrkur þessi, sem er að álíta eins og aukaþörfunum, liggur innan þeirrar upphæðar tak-marka, sem Regl. 27. nov. 1846, § 24. telur bæjarstjórnina einbæra um að veita, hefir mér ekki virzt nauðsyn á að leyta æðra yfirvalds samþykkis þar um. En þar mér þykir betur fara, að bæjarstjórnin í sameiningu gefi bæjargjaldkeranum heimild til að greiða þetta fé, leyfi eg mér að senda bæjarfulltrúunum þar að lútandi bréf til undirskriptar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 2 april 1860.

V Finsen

Til

Reykjavíkur Bæjarfulltrúa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framar lagði eg mér að beiðast skýrari

hreppstjóra bæjarfulltrúans skýringar um það, hvernig

á því stæði, að nú er 1. manni ofaukið í fátækra

nefndinni, einkum meðlagt bréf frá formanni

hennar vottar, því það bar með sér að hún

hafði kosið bæjarfulltrúann Jón Guðmundsson í nefnd-

ina, í stað Ólafur Steingrímsson af hendi bæjar-

fulltrúanna sitji í henni, og hafi setið þar síðan

1851. Hafi Ólafur beiðst lausnar frá nefndar-

störfum sínum að öðru máli að gegna, en hafi

hann ekki gjört það, og hann að óðanlegt

gegni störfum sínum nákvæmlega. Hvergi ætti betur,

en að það gæti hennar ofnefnd að viti hennar

hvern þenjandi úr nefndinni, því ekki mundi

þeim báðir, Jón og hann, geta setið í henni.

og þó kunni að vera, að Ólafur hafi nýjaflagu

ekki verið lofum á bæjarþinginu sett, mundi hann ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

betur en að nú skyldu sú fyrirlagða bóta með
skaði að hann sýnir svo langa frestið í skýrslunni,
og með skömmu meðtakandanna sem enginn
meðhjálpari hennar. —

Með hverri skýrslunni álíti útaf
skyldu atriði, gjöra og þess gjörsamlega með
má undanfalla. —

Íslands Stiftamtshúsi d. 29 Martz 1860

Th Jónasson
settur

til
Reykjavíkur bæjarfulltrúa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Overslag

over at Fortoug med Randsteen og Sliske i Adelgaden

| | | Rd | Mk | ß |
|---|---|---|---|---|
| Nivellering af Fortouget og Randstenene | | 20 | – | |
| Fortouget 250 Al langt og circa 3 Al bredt med Randstene 1½ Al brede, anslaaes til 140 Qvd. Favne, og dertil at ville medgaae | | | | |
| 3 Favne sprengt Steen (billig Maal) } leveret | 12 r | 36 | – | |
| 11 " usprengt do ( " " ) } i Gaden | 9 r | 99 | – | |
| 200 Læs Sand eller Aske | 1 ß | 33 | 2 | . |
| 140 Qvadrat Favne Broe at legge og stöde | 40 ß | 58 | 2 | – |
| 1 Sliske over Veien af tilhugne Kampesten med Arbeidsløn, Kjørsel og Lagning | 20 r – | | | |
| 5 Stk Planker 9 ß 6 Stk Jern 9 ß | 16 – 2 | | | |
| Tømmer Arbeidsløn | 3 – – | 39 | 3 | . |
| | Rdlr | 286 | 1 | . |

Eller 1 Rd 8 ß pr Qvadrat Favn Broe complet nedlagt, exclusive Sliskens.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ingen

Peter Petersen

... [illegible] ... [illegible]

β

[illegible]

Bernharð

Eigill

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í tilefni af heiðraða bréfi hins hátt virta formanns bæjarfulltrúanna, dagsett 7. þ. m. og því fylgjandi bréfi frá leigjanda hinna svo kölluðu (Melkots) Melshúsatúna, tef eg ekki með, að senda hinum heiðruðu bæjarfulltrúum útskript af gjörðabók byggingarnefndarinnar, áhrærandi kálgarðsstæði þau, sem þeim Dr. Landlækni ~~Jóni~~ Hjaltalín og snikkara J. Sveinssyni hafa verið útvísuð í Melshúsabrekkunni og verðist mér þar af ljóst, að leigjandi túnsins ekki eigi neinn aðgang að bæjarstjórninni fyrir þessa skerðingu og rýrnun á því honum leigða túni, þar það strax var gjört að skilyrði, við útmælinguna, að beiðendurnir fengju samþykki leigjanda til að neyta útmælingarinnar meðan leigutími hans stæði yfir, og var það því skylda þeirra, að semja við hann um það, en hafi það farist fyrir, verður hann að eiga aðganginn að þeim þar fyrir, en ekki að bæjarstjórninni, því henni hefir ekki verið áskilið neitt eftirgjald fyrir þessa garða fyr en leigutími hans væri ~~??~~ útrunninn; – og skal þess enn framar getið, að þar eð annar þeirra, sem þannig hefir fengið útvísað af leigutúni hans, á seinast liðnu reikningsári borgaði til bæjargjaldkerans hina áskildu leigu 4 rd, kom mér og bæjargjaldkeranum saman um, að álíta það sem og borgað uppí túnleiguna og af leigjandanum og er það því dregið frá leigunni – þar til eg hefi heyrt álit hinna heiðruðu bæjarfulltrúa um þetta atriði, sem mér annars finnst fullljóst, af þeirri útskript fylgjandi útmælingunum, álít eg ekki þurfi að leita þar um frekari upplýsingar hjá þeim sem útmælt var til.

Hvað áhrærir þá áminnztu kvörtun leigjandans um
55 greinda „flöt“ hjá Skólabænum, þá hefi eg ekki getað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundið í gjörð aðra byggingarnefndarinnar, að neinum hefi verið útmælt þar eða þar hefi nokkuð verið tekið til einstakts manns eða almennings brúkunar af því leigða túni.

Hvað snertir þá ákvörðun, sem tekin hefir verið af leigjandanum og útmælt bókbindara Egli Jónssyni, nefnilega 13 al. frá austri til vesturs, og 45 al frá norðri til suðurs, þá hefir stiptamtið í bréfum frá 7. desbr 1858 og 21. Jan 1859 ákveðið að E. Jonsson skyldi hafa þetta stykki eptirgjalds og kauplaust, og það finnst heldur hvergi gjört honum að skyldu, að útvega sér samþykki leigjandans þar til, eða bæta honum að neinu, en ~~það~~ þar það væri mjög óranngjarnt að leigjandinn bæði skaða við að hinum var ágengt með að fá sér þetta útmælt, verðist mér enginn vafi á því, að hann eigi aðgang inn að bæjarstjórninni um að fá hæfilega eptirgjöf í þeirri umsömdu leigu sem því svari, er hann þannig hefir í misst, ef ekki getur öðruvísi samist eptir óvilhallra manna mati.

Hvað því viðvíkur að Girðingar leigjandans hafa verið skemdar af þeim, sem hafa gengið um þær til að sækja ofaníburð í bæjargöturnar, þá virðist næst liggja, að hann ~~fyrir~~ verði að eiga aðgang fyrir það að þeim, sem það hafa gjört, en ekki að bæjarstjórninni og það því heldur, sem vinna þessi hefir verið gjörð fyrir víst umsamið verð, svo þeir, sem hafa tekist það á hendur hafa alla ábyrgð á því, bæði í þessu tilliti og öðru.

Að þessu tilgreindu vil eg biðja um álit hinna heiðruðu bæjarfulltrúa um kröfur þessa, og læt eg því hér með fylgja þar um hljóðandi bréf, sem endursendist.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 16 febr 1860.

V. Finsen
[illegible]

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtið hefir í brjefi dagsettu hinn 26. þ. m. skrifað mjer þannig: "Í brjefi frá 23 þ. m. hafa þeir H. Kr. Friðriksson og P. A. Wulff skýrt Amtinu frá, að á fundi þeim, er fulltrúar bæjarins hafi átt með sjer til oddvitakosningar þann 21. þ. m. hafi 2 af fulltrúunum fengið jafnmörg atkvæði; og þá orðið meiningamunur um það, hvort aldur, eða hlutkesti ætti að ráða með þeim kosningu, hafi meiri hlutinn orðið á því fyrra, en þeir haldið fram hinu síðara og beiðst úrskurðar Amtsins um þetta atriði.

Út af þessu skal eg ekki undanfella hjer með að gefa herra bæjarfógetanum til þóknanlegrar vitundar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að það virðist ekki betur en það liggi nærst, og sje samkvæmast því, er tilskipunin um stjórn bæjarmálefna í líkum tilfellum (sjá § 8 og 10) ákveður, að hlutkesti sje hjer látið ráða framar en aldur; því þó að vísu aldur, t. a. m. í alþingistilskipuninni sje látinn ráða kosningu alþingisforsetans, þegar jafnmörg eru atkvæði, liggur það þó augsýnilega fjær, að fara eptir þeirri reglu í þessu tilfelli, sem hjer liggur fyrir, og eins er um það, þó aldur hafi verið látinn ráða í þessu efni í fyrra, þá getur það ekki verið bindandi regla, þegar ágreiningur kemur upp síðar. Annað mál er það, að bæjarfulltrúunum hljóti að vera það heimilt að láta aldur í þessu tilfelli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráða, þegar þeir koma sér saman um það, en það á sér hér ekki stað". –

Þetta læt eg ekki hjá líða að tilkynna Yður hér með, sem gegnandi formanni bæjarfulltrúanna og skal þess getið, að eg einnig hefi tilkynnt úrskurðar beiðendunum þetta. –

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 29 Jan 1860.

A Thorsteinson
cst.

Til

Herra Málaflutningsmanns Jóns Guðmundssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að Stiptamtið hinn 1. þ. m. hafi staðfest og samþykkt sátt þá, sem hinn 1. desember næstl: gjörðist á milli Consuls M. Smiths og umboðsmanns bæjarstjórnarinnar í málinu um vatnsbólið á lóðinni No 10 í Ingólfsbrekku hér í bænum, læt eg ekki hjá líða hér með að tilkynna hinum heiðruðu bæjarfulltrúum.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 3. febr 1860.

[illegible]
cst

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar ed tómthúsmadur Jón Þórdarson í Hákoti, er hingad til hefir, sem einn úr flokki bæjarfulltrúanna, og kjörinn af þeim, verid medlimur byggíngarnefndarinnar hér í bænum, hefir vikid frá fyrgreindri sýslan sinni, verd eg ad bidja Ydur, ad sjá um, ad hinir heidrudu bæjarfulltrúar samkv: Reglg: 27. nov 1846 § 18. veli mann úr sínum flokki til þess, í stad hins, ad gegna tédum starfa.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 4. febr 1860.

H. Johnstow

77

Til formanns Bæjarfulltrúanna

Herra Procurators Jóns Gudmundssonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtið hefir hinn 12. þ. m. skrifað
mér á þessa leið:
„Í bréfi 8. þ. m. hefir herra Cancelliráð
stúngið uppá því, að Jacob snikkari
Sveinsson verði af Amtinu útnefnd-
ur sem meðlimur byggingarnefndar-
innar hér í bænum í stað timbur-
meistara Nielsens, sem fór burtu
héðan með seinasta póstskipi, og ráðið til,
að hann eptir andanum í reglugjörð
27. Nóv. 1846 og öðrum ákvörðunum
álíta aðeins einúngis hafi þetta starf
á hendi um 3 ár.
Til þénustusamlegs andsvars hér
uppá móti hina, að Jacob snikkari
Sveinsson hér með útnefndr til þess
í 3 ár að vera meðlimur byggingar-
nefndarinnar, samkvæmt því er
þér hafið stúngið uppá.“
Þetta tilkynnist Yður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hérmeð sinni háttvirtu fulltrúanefnd.
Skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík, 15. jan. 1859.

V. Finsen

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

…afud.

…r. 1859.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á kjörfundum þeim, sem haldnir voru hinn 12. og 13. þ.m. til ad kjósa bæjarfulltrúa úr flokki borgaranna, í stad kaupmanns Th. sál. Johnsens, sem var kosinn til þessa starfa á kjörfundi hinn 2 janúar 1858, og því ekki hafdi, þá hann andadist, haft hann full tvö ár á hendi, og úr flokki tómthúsmannanna í stad bæjarfulltrúa þeirra, Jóns Þórdarsonar, er, sem hinn elzti fulltrúanna samkvæmt dómsmála rádherrabrjefi 30 júní 1857, átti ad víkja frá þessari sýslan sinni nú um nýárid, voru þessir kjörnir til bæjarfulltrúa: Verzlunarstjóri A.P. Wulff úr borgara og húseigenda flokknum, og tómthúsmadur Gudmundur Þórdarson á Hólkoti úr flokki tómthúsmannanna, og hefi eg í dag skýrt Stiptamtinu frá þessum kosningum, eins og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ég líka hefi tilkynnt hinum kosnu það, með ósk um, að þeir sem fyrst gjörðu hið skriflega loforð sem fyrirskipað er í reglugjörðinni 27 november 1846, 13 gr

Þetta lét ég ekki hjálíða hjer með að tilkynna yður, sem formanni bæjarfulltrúanna, svo að hinar lögboðnu kosningar í fulltrúanefndinni geti farið fram.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 16 jan 1860.

V. Rohustow

cst.

Til

herra procuratori J. Guðmundssonar

Formanns bæjarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript

## af byggingarnefndar bók Reykjavíkur-bæjar

Ár 1858, þriðjudaginn hinn 27. apríl var af byggingarnefndinni haldinn
fundur í Melshúsabrekkunni, til þess, eptir ósk snikkara Jakobs
Sveinssonar, að útmæla honum svæði af Melshúsatúni, er bæjarfull-
trúarnir, með bréfum 13. júní 1857, og 13. okt. s. á., hafa samþykkt, að
honum sé útvísað til kálgarðsstæðis móti 4 rd. árgjaldi til bæjarsjóðs
í leigu fyrir það, frá þeim tíma, er hinn nú verandi leigutími tún-
anna er á enda, en þangað til, með því skilyrði, að leigendur
túnsins samþykki það, og hefir snikkari Jacob Sveinsson
gengið að þessum skilmálum, eins og hann líka hefir
komið sér saman við nú verandi leigendur túnsins.
Kálgarðsstæði þetta var því næst útmælt snikkara Jacob Sveins-
syni, sem var til staðar, að lengd, samkv. bréfum bæjarfull-
trúanna 40 al. frá norðri til suðurs, reiknað frá lóð stadd-
ara Grundtvigs, þó svo, að ein alin er eptirskilin næst stadd-
ara Grundtvigs, en á breidd milli tjarnarinnar og
túngarðsins, sem er að austanverðu við alfaraveginn,
36 álnir og er allt svæðið þannig 1200 □ álnir, sem þann-
ig útvísast mót ofangreindri árleigu af 4 rd.
Sem framar var eptir beiðni landlæknis Dr. J. Hjaltalíns
fyrir tekið að útmæla honum kálgarðsstæði er bæjarfull-
trúarnir í bréfi 20. þ. m. hafa samþykkt að honum megi
eptirlátast í sömu brekku, móti leigu að tiltölu eins
og sú sem er ákveðin fyrir snikkara Jacob Sveinsson.

Þetta svæði var þá þannig útmælt landlækni
Hjaltalín á lengd frá suðri til norðurs 36 álnir,
reiknað frá túngarðinum næst Melshúsum, þó svo
að 1 al. er eptirskilin næst túngarðinum, en á
breydd milli tjarnarinnar og túngarðsins, sem
er austanvert við alfaraveginn, 57 álnir. Svæði
þetta er þannig 2052 □ álnir og ber landlækni Hjalta-
lín því að greiða eptir það að tiltölu við ~~Sv.~~ snikkara

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jakob Sveinsson, í árslegu til bæjarsjóðs 6 rd 88 s, en meðan hinn nú verandi leigutími stendur ber honum að koma sér saman við hinn leigandann.

Fundi slitið

V. Finsen. T. Steinsson. J. Sveinsson Jón Þórðarson

Jón Pétursson. P. Hjaltalín

Rétta útskrift staðfestir

A. Thorsteinson

?? Land- og bæjarfógeti.

Betalen 12 ß.

Laufs Meldingar tilfærs

gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um hérmeð fylgjandi beiðni Kristjönu Olafsdottur, ekkju Eyjolfs Einarssonar, frá Smiðshúsum, hverr dagsett er hinn 10. apríl f.á., um að bæjargjald það sem á látinn mann hennar var lagt fyrir árið 1858, að upphæð 3rd 48ß, verði eptirgefið eða sett niður, leyfi eg mér að beiðast álits fulltrúanefndarinnar, hvarmeð skjalið [illegible]

sent.

Skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík, 10. jan. 1859

V Finsen

Til Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að eg í dag hafi gefið út borgarabréf handa herra verzlunarstjóra A. P. Wulff hér í bænum og að hann þannig er orðinn borgari bæjarins, skal eg ekki láta hjá líða hér með að tilkynna hinum heiðruðu bæjarfulltrúum.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 7. januar 1860

[illegible]

Til bæjarfulltrúanna
herra yfirréttarmálsfærslumanns Jóns Guðmundssonar,
——— Assessors Jóns Péturssonar.
——— Adjuncts H. Kr. Friðrikssonar.
——— Kaupmanns H. St. Johnsens.
——— Tómthúsmanns Jóns Þórðarsonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að eigi gjör hafi verið söðlasmiðssveini Stepháni Hansen borgarabréf til að stunda iðn sína, sem söðlasmiður hér í bænum, læt eg ekki hjá líða að tilkynna hinum heiðraða bæjarfulltrúum

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 16. febr 1860.

H. E. Thomsen

177.

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi eg mér að leyta álits hinna heiðruðu
bæjarfulltrúa um það: með fylgjandi bréfi frá
Herra Consul M. Smith gjörði mótmæli og
umkvörtun gegn bæjargjaldi sonar hans Boga
Smiths, og skal þess getið, að þar eð í bréfinu
stendur að þetta gjald hafi verið lagt á eptir að
hin almenna niðurjöfnun var gjörð og á lög-
boðinn hátt hafði legið til sýnis fyrir almenningi,
og hann því ekki hafði færi á, að verða þess vísari
eða kvarta yfir því, þótti mér ósjárvert, að gjöra
fjárnám fyrir þessu gjaldi jafnvel þó það stæði á þeirri
til fjárnáms gildu skuldaskrá, því þeir einir
geta orðið af mótmæla rétti sínum, sem hafa haft
löglegt færi til, að koma fram með mótmæli sín
og verið kvaddir til þess. — Sé nú svo, eins og Con-
sulinn tilgreinir í bréfi sínu, að honum eða syni
hans, ekki hafi gefist löglegt færi á, að kvarta yfir
þessari álögu, virðist mér sjálfsagt, að umkvörtun-
in eigi að takast til yfirvegunar, og svari af bæjar-
stjórninni og kvartanda gefast færi að halda fram
kvörtun sinni, ef hann ekki vill una við úrslit hennar
af bæjarstjórninni. Meðfylgjandi bréf óskast
endursent. —

Enn fremur skal þess getið, að bæjargjald

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verzlunarstjóra M. J. Kiteins Mathiesens var ógoldið að
lát hans, og stóð einníg á skuldaskránni, en að
því er mér er það persónulega kunnugt, að ekkjan
sem samkvæmt amtsbrefi af 23. f. m. situr
í óskiptu búi, með börnum sínum, má
heita örsnauð, og svo að kalla allslaus, eins
og mörgum af hinum heiðruðu bæjarfulltrúum
mun kunnugt, og hún bað mig að tjá hinum
heiðruðu bæjarfulltrúum frá ástandi sínu og
mæla fram með að henni yrði eptirgefin þessi
skuld (~~sín~~) hennar til bæjarsjóðsins, tel eg skyldu
mína hér með að gjöra hvortveggja, og vona
eg að hinir heiðruðu bæjarfulltrúar sjái aum-
ur á henni, það því heldur, sem bágindaástand
hennar mun vera mörgum þeirra persónu-
lega kunnugt. Af þessum ástæðum hefi eg ekki
með því að gjöra fjárnám fyrir skuldinni
reynst hana því litla, sem var að finna í búinu henn-
ar, heldur hefir mér og bæjargjaldkeranum komið sam-
an um að telja gjald þetta meðal eptirstandandi ~~skuld~~
skulda. Skrifstofu bæjarfogeta í Reykjavík 16. febr. 1860.

A. Thorsteinson

47.

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjargjald ~~sjál~~ Snikkara B. Smiths
var að vísu á kveðið, eins og á fleiri
fleiri bæjarmönnum, nokkru eptir að úrdal
niðrjöfnunin var gjörð, er kom af því
að við sjálfa niðrjöfnunina voru
fulltrúarnir í vafa um, hvort B.
Smith hefði sveinsbréf, en þetta
upplýstist síðar og þá var á
hann jafnað, eptir almennri praxis
en um þessa síðari niðrjöfnun
á B. Smith off var uppfest aug-
lýsing frá Bæjarfógetanum
á vanalegum stað með þeim nafn-
greiningum (og upphæð gjaldsins?)
er við höfðum bezt þekking eptir
á

25/12 60

Gudm.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í bréfi, dagsettu 3. þ. m. hefir bæjargjaldkerinn kaupmaður C. O. Robb. skrifað mér þannig:

"Communalbestyrelsens Ordre" (Brevet) "af 30. Dbr. forrige Aar har jeg rigtig modtaget og bemerker af dets Indhold at den önsker at jeg endnu vil vedblive i nogen Tid som Byens Kæmner, saa er jeg villig til at have denne Function forelöbig et Aar endnu og undlader derfor ikke at meddele Samme".

Þetta læt eg ekki hjálíða hér með að tilkynna hinum heiðruðu bæjarfulltrúum.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 9 janúar 1860.

K Olmsten

7Z

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir að Stiptamtið hinn 27 þ. m. hefur samþykkt áætlun bæjarstjórnarinnar yfir útgjöld og tekjur Reykjavíkur bæjarsjóðs fyrir yfirstandandi ár, læt eg ekki hjá líða hér með að senda fulltrúanefndinni téða áætlun, með áritaðri staðfestingu Stiptamtsins, til frekari ráðstöfunar hvað niðurjöfnunina snertir.

Skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík, 28. febr. 1879

V Finsen

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með læt jeg yður vita, herra
oddviti; að jeg eigi get komið á
fund þann, sem þjer hafið boðað
í dag; því að bæði er það, að jeg hef
vörð í skólanum á hverjum
miðvikudegi, eins og yður hlýtur
að vera kunnugt, og líka hafa
kennararnir við latínuskólann
fund með sjer hinn síðasta
dag hvers mánaðar, eins og
yður mun líka kunnugt;
en jafnframt og jeg tilkynni
yður þetta, verð jeg að vonast
þess, annaðhvort að fundinum
verði frestað í þetta skipti, eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad minnsta kosti ad mónsálum
verdi frestad í þetta skipti. Ad ödru
leyti verd jeg ad gjöra þá uppá-
stungu, ad það verdi ákvedinn
viss vikudagur til funda
bæjarfulltrúanna, og hversu
opt fundir verdi á mánudi
hverjum, og læt jeg þess getid,
ad mjer fyrir mitt leyti stendur
á sama hver dagurinn í vik-
unni er ákvedinn til funda
bæjarfulltrúanna, nema mid-
vikudagurinn, sem jeg hef ödrum
störfum ad gegna á.

Reykjavík 29. d. februarm. 1850

A. Fridriksson.

Til
oddvita fulltrúanna, herra mála-
flutningsmanns J. Gudmundssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25 300
12 8 | 1800 | 225
6
2
450
16
60

45
13
135
45
985 | 109

30
30
804

6 : 2
3 : 1

6 : 42
1 : 7
7/10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur